

Fundargerð 2005-01 --- 14. janúar

Dagsetning:

Fri, 14/01/2005

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

föstudaginn 14. janúar 2005 kl. 09:00

Viðstödd voru Kári H.Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga B.Arnardóttir

1. **Styrkir.** Fundur hefst á umræðu um nýjan Tónlistarsjóð Menntamálaráðuneytisins. Ákveðið er að sækja um hjá sjóðnum.
2. **Landsmót.** Rætt var um fyrirkomulag komandi landsmóts. Tímasetning er að komast á og verður mótið snemma haustið 2005. Ákveðið var að hafa samband við Heiðrúnu Hámundardóttur og funda með henni varðandi aðstöðu fyrir landsmót. Talað var um að finna verkefni fyrir A og B sveitir til þess að flytja á mótinu, og var ákveðið að vera komið með það hreint fyrir páska til þess að hægt verði að senda það út um það leiti. Er mikill hugur í stjórninni að hafa keppni á komandi landsmóti fyrir C og D sveitirnar. Vinna þyrfti í að finna hentugan dómara fyrir viðburðinn. Kom einnig sú hugmynd að verkefnavinnu hljómsveitanna á landsmótinu að fá Sigrúnu Sævarsdóttur-Griffiths og Paul Griffiths til þess að vera með námskeið í tónlistarsköpun líkt og þau hafa verið að gera fyrir Listaháskóla Íslands.
3. **Lúðrasveit Æskunnar.** Tillögur komu fram að námskeiði fyrir L.Æ. Fá hljómsvetin Jagúar til þess að vera með námskeið þar sem þeir myndu kenna eigið efni og vinna með það nótnalaust og jafnvel virkja svo krakkana í að spila eitthvað með þeim opinberlega í tengslum við það, jafnvel á landsmótinu.
4. **Fundur.** Stjórnin mun boða til fundar fljótlega eftir páska til þess að kynna fyrir stjórnendum breytingar á landsmóti. Fundarboð verður send út þegar staðsetning og dagsetning verður komin á hreint. Verður efni varðandi landsmótið dreift út á fundinum.
Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir

ritari

Fundargerð 2005-02 --- 25. janúar

Dagsetning:

Tue, 25/01/2005

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Tónlistarskóla Seltjarnarness

priðjudaginn 25. janúar 200 kl. 09:30

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga B. Arnardóttir

1. **Fundur.** Aðalfundur SÍSL verður haldinn 9. apríl 2005 í Snorrastofu í Borgarfirði. Verður þar kynnt áætlun um komandi landsmót og gögnum um það dreift. Fundarboð verða send út fljótlega.
2. **Landsmót.** Karen hafði samband við Sigrúnu Sævarsdóttur-Griffiths og Paul Griffiths varðandi vinnu þerra á landsmótinu. Þau eru með hugmyndir af verkefnum fyrir sveitirnar á mótinu. Verið er að vinna að því að tala við hljómsvetina Jagúar vegna fyrirhugaðrar þáttöku þerra í vinnu með L.Æ.og þá jafnvel að fá þá einnig til þess að útsetja lög , helst fyrir B-C sveit í erfiðleikastigi. Rætt var um hvaða dómari yrði heppilegastur til þess að dæma á mótinu, ekki komist að neinni niðurstöðu enn.
3. **Nótnaútgáfan.** Mikill áhugi hjá stjórninni að koma út einhverju af íslenskum popplögum eða þessháttar. Voru höfundarréttarlög rædd og hvort hægt væri að semja við lagahöfunda um útgáfu án borgunar þeirra. Einnig spjallaði stjórnin um nótnalager SÍSL. Kom sú hugmynd upp hvort ekki væri hægt að flokka þetta og setja listann inn á heimasíðu SÍSL, og þetta verði þá jafnvel til sölu á tilboðsverði.
4. **Dagur Lúðrasveitanna.** Ákvað stjórnin að leita til Stefáns Ómars Jakobssonar í Hafnarfirði og kanna hvort þeir þar séu tilbúnir að sjá um þennan dag aftur, þar sem hann tókst svo vel hjá þeim síðast.
5. **Staðsetning Landsmóts.** Rætt var um það hvort komið væri aftur að höfuðborgarsvæðinu að halda landsmót, eftir mótið á Akranesi. Sú athugasemd kom um höfuðborgarsvæðið að erfiðara sé þar að halda krökkunum á sama stað allan tímann. Ekki var meira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir

ritari

Fundargerð 2005-04 --- Samráðsfundur SÍSL og SÍL

Dagsetning:

Tue, 22/02/2005

Samráðsfundur SÍSL og SÍL

haldinn hjá Tónlistarskóla Kópavogs

Þriðjudaginn 22. febrúar 2005 kl. 09:00

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Bj. Arnardóttir, Vilborg Jónsdóttir formaður SÍL, Jón Ingvar Bragason gjaldkeri SÍL.

1. **NOMU.** Fundur hófst á því að Vilborg kynnti fyrir nýrri stjórn SÍSL, verkefni á vegum NOMU. NOMU blásarasveitin, Kalmar sífónúhljómsvetin og einleikara keppni sem verður haldin í apríl. Fóru inntökupróf fram hér á landi, fyrir þátttöku í blásarasveitinni, helgina áður.
2. **Fulltrúi SÍSL og SÍL á ársfundi NOMU.** Rætt var um hver ætti að vera næsti fulltrúi þessarar tveggja samtaka á ársfundi NOMU í Helsingfors í mars. Þar sem enginn komst úr röðum SÍSL stjórnarinnar, leitaði hún til fyrrverandi formanns, Birgis Sveinssonar, sem að var það góður að geta hlaupið í skarðið. Við þökkum fyrir það.
3. **Upplýsingaflæði.** Mikið var rætt um að ekki sé auðvelt að fá fólk (stórnendur, skólastjóra) til þess að koma upplýsingum sem þeir fá sent, á framfæri. Til dæmis varðandi námskeiðin og inntökupróf á verum NOMU. Verður þetta til þess að þessar upplýsingar komast ekki á framfæri. Uppástungur á lausnum ræddar en engin niðurstaða fékkst.
4. **Dagur Lúðrasveitanna ræddur.** Mikið farið í hvort sé rétt að halda þessu áfram vegna áhugaleysis SÍL sveitanna og margra SÍSL sveitanna. Rætt einnig um staðsetningu og hvernig sé hentugast og best að standa að þessu. Einnig um það hvort ætti að finna annan tíma. Niðurstaðan varð sú að halda ætti þetta aftur með svipuðum hætti og var gert síðasta ár með einlægri von um að fleiri sveitir sjái sóma sinn í því að mæta.
5. **The Iceland Windmusic Festival.** Nýjar hugmyndir um SÍL landsmót ræddar. Hugmyndir þeirra eru þær að reyna að fá sem flestar erlendar hljómsveitir til þess að taka þátt. Í fyrra komu tvær erlendar sveitir og er vonast til þess að fá fleiri núna. Spurning um það hvort SÍSL vilji taka þátt í þessu á einhvern hátt, að lúðrasveitir frá okkur muni einnig taka þátt..

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir
ritari

Fundargerð 2005-05 --- 3. mars

Dagsetning:

Thu, 03/03/2005

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Tónlistarskóla Akraness

Þriðjudaginn 3. mars 2005 kl. 09:00

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Bj. Arnardóttir, Heiðrún Hámundardóttir, Lárus Sigvatsson.

1. **Landsmót á Akranesi.** Nýtt fyrirkomulag landsmótsins kynnt. Húsnæðismál og framkvæmdarhlið mótsins rædd sem og tímasetning. Var það lagt í hendur mótshaldara á Akranesi að skoða húsakost og finna hentugustu lausnir á gistingu og æfingasvæði. Kynntu Heiðrún og Lárus þeirra hugmyndir að tónlistarflutningi á mótinu þar sem mótið er haldið á stórafmælisári tónlistarskólans. Vilja þau endilega að þetta verði með sem bestum hætti gert og vekji mikinn og góðan áhuga á tónlistarlífi bæjarins.

Fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir

ritari

Fundargerð 2005-06 --- 11. mars

Dagsetning:

Fri, 11/03/2005

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Tónlistarskóla Seltjarnarness

fimmtudaginn 11. mars 2005 kl. 09:00

Viðstödd voru Kári H.Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Bj. Arnardóttir.

1. Markmið þessa fundar var að fara skipulega yfir lista SÍSL yfir þær sveitir sem eru innan samtakanna. Voru upplýsingar endurnýjaðar og færðar í rétt form. Vonast stjórnin til þess að með þessum aðgerðum komist upplýsingar frá stjórninni sem greiðlegast til skila. Er alltaf hægt að hafa samband við meðlimi stjórnar til þess að benda á breytt netföng, símanúmer eða þessháttar.

Ekki fleira framkvæmt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir

ritari

Fundargerð 2005-07 --- 8. apríl

Dagsetning:

Thu, 07/04/2005

Stjórnarfundur SÍSL.

Haldinn að Háabergi 1, Hafnarfirði, 8. apríl 2005

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

1. Farið yfir hvaða upplýsingar þurfa að koma fram á umsókn fyrir næsta LÆ námskeið. Fyrirkomulag námskeiðsins og prufuspil rætt.
2. Landsmótsbréf samið og umsókn um komandi landsmót samin. Ákveðið var að í þetta sinn væri hægt að svara á netinu í gegn um heimasíðuna. Einnig var rætt um kostnað við landsmót, ekki tekin nein ákvörðun um verð ennþá.
3. Heimasíðan. Ákveðið var að hafa samband við Malcolm Holloway og kanna hvað hann tekur fyrir að halda úti síðunni fyrir SÍSL.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari

Fundargerð 2005-08 --- 15. apríl

Dagsetning:

Fri, 15/04/2005

Haldinn Tónlistarskólanum Seltjarnarnesi, 15. apríl 2005.

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

1. Heimasíðan. Tekin var sú ákvörðun að færa heimasíðuna og leggja hana í hendurnar á Malcolm Holloway.
2. Farið var yfir umsóknareyðublöð, bæði fyrir Landsmót og LÆ. Beðið eftir að senda þau út þangað til Malcolm væri búinn að uppfæra síðuna.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Fundargerð 2005-09 --- 25. apríl

Dagsetning:

Mon, 25/04/2005

Stjórnarfundur SÍSL.

Haldinn Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi, 25. apríl 2005.

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

1. Ný heimasíða rædd, varðandi uppsetningu og efni og hverju sé hægt að bæta við hana.
2. Farið var í gegn um félagatal SÍSL og einnig kannað hverjir eru búnir að borga félagsgjaldið og hverjir ekki. Ákveðið var að hringja út þá sem ekki höfðu greitt og kynna einnig fyrir þeim nýtt fyrirkomulag landsmótsins.
3. Landsmót á Akranesi. Spjallað var um matarmál á landsmótinu. Útfærslumöguleikar ræddir sem og rætt um hvernig þetta var gert á öðrum mótum. Ákveðið var að heyra frá Akranesingum og sjá hvaða lausnir þeir sjái í þessum efnum. Ákveðið var að ráðast í að fá verðtilboð í boli fyrir krakkana á landsmótinu.
4. Dagur lúðrasveitanna. Ákveðið að drífa upplýsingum um viðburðinn á síðu SÍSL.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2005-10 --- 5. ágúst

Dagsetning:

Fri, 05/08/2005

Stjórnarfundur SÍSL.

Haldinn í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, 5. ágúst 2005.

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Björg Arnardóttir og Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths.

1. Landsmót. Drög að dagskránni og námskeiðinu gerð. Rætt var við Sigrúnu hvað varðaði hana og hennar fólk, varðandi gistingu og fleira. Húsnæðismál rædd og ákveðið að blása fljótt til fundar með skipuleggjendum á Skaganum. Tillaga kom umm að sleppa keppni c og d sveitanna og hafa hana ekki á landsmótinu, heldur halda hana seinna. Þá yrðu hljómsveitir betur í stakk búnar að taka þátt.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari

Fundargerð 2005-11 --- 16. ágúst

Dagsetning:

Tue, 16/08/2005

Stjórnarfundur SÍSL.

Haldinn í Tónlistarskólanum á Aranesi, 16. ágúst 2005.

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Björg Arnardóttir, Heiðrún Hámundardóttir, Lárus Sighvatsson ásamt fulltrúum frá Foreldrafélagi Lúðrasveitar Tónlistarskóla Akraness.

1. Landsmót. Farið var yfir á hvaða stöðum hægt verði að láta C og D sveitir spila á og allmargar hugmyndir komu fram í þessum efnum. Farið var einnig yfir hvaða húsakynni yrðu heppilegust til þess að hýsa hljómsveitirnar og hvernig best yrði að leysa æfingaaðstöðumál.
2. Hljóðkerfi á mótinu. Kanna þarf hvernig hljóðkerfiskostur Akranesbæjar er og hvort hann mæti kröfum Jagúar og Sigrúnar og Paul eða hvort þurfi að leigja búnað.
3. Farið var í undirbúningsmál. Útgáfa mótsblaðs rædd og hvaða upplýsingar þyrftu að koma þar fram. Setning mótsins rædd og hvernig best yrði að henni staðið, varðandi staðsetningu og efni.
4. Aðrir hlutir einni ræddir, svo sem að benda þyrfti hljómsveitum á að þó svo fyrirkomulagið sé breytt, þurfi þær samt að koma með statíf. Rekstur sjoppu á ballinu rædd og benda þarf þá meðlimum hljómsveitanna að koma með vasapening, hafi þeir hug á að versla á ballinu.

Farinn var rúntur, þar sem húsakostur og salir fyrir mótið voru skoðaðir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari

Fundargerð 2005-12 --- 2. september

Dagsetning:

Fri, 02/09/2005

Stjórnarfundur SÍSL

Haldinn í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi 2. september 2005.

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

1. Lúðrasveit Æskunnar. Vegna dræmrar þátttöku, tók stjórnin þá ákvörðun að sleppa inntökuprufuspili inn í hljómsveitina þetta skiptið. Verður öllum hleypt inn í námskeiðið. Farið var yfir hentuga staði fyrir fyrirhugaða tónleika sveitarinnar.
2. Landsmót. Farið var yfir útistandandi verkefni fyrir landsmótið, svo sem matarpantanir og bolir.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2005-13 --- 6. september

Dagsetning:

Tue, 06/09/2005

Stjórnarfundur SÍSL

Haldinn í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi 6. september 2005.

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Björg Arnardóttir og Heiðrún Hámundardóttir.

1. Lúðrasveit Æskunnar. Búið er að fá Vetrargarðinn í Smáralind til þess að halda tónleika Lúðrasveitar Æskunnar og Jagúar.
2. Landsmót. Farið var yfir skráningar fyrir Landsmótið. Dagskrá mótsins skoðuð ásamt Heiðrúnu, með tilliti til rútuferða, matarmála, staðsetningu hópanna, skipulagningu varðandi upplýsingaflæði og heimasíðu mótsins. Spilastaðir fyrir C/D sveitir verða við Sundlaugina, Safnagerði, Akratorg, Húsasmiðju, Shell og fyrir framan Ráðhúsið. Rætt var um hugsanleg €æPlan B€□ og €æPlan C€□ og var ákveðið að kanna möguleika á því að Vörubílssvið verði sett upp þar sem bönd gætu spilað eða að C/D sveitum yrði skellt í æfingabúðir líkt og yngri sveitum.
3. Heimasíðan. Allar upplýsingar um mótið verður að finna á netinu undir www.sisl.is. Upplýsingarnar sem þar verða eru : dagskrá mótsins, myndir, símanúmer og aðrar upplýsingar. Síða landsmótsins verður gerð og haldið uppi af Skagafólki en verður undirsíða af www.sisl.is Hún verður uppfærð stöðugt á meðan á mótinu stendur.
4. Matarmál. Leitað hefur verið tilboða í matinn. Enn ekki komin niðurstaða vegna framkvæmdar á morgunmatnum. Spurning um að panta bara sjálf morgunmat eða að láta foreldrafélagið sjá um morgunmatinn.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2005-14 --- 13. september

Dagsetning:

Tue, 13/09/2005

Stjórnarfundur SÍSL

**Haldinn í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi 13. september 2005.
Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg
Arnardóttir.**

1. Lúðrasveit Æskunnar. Farið var í gegn um listann yfir þá sem sótt hafa um að taka þátt í námskeiði LÆ. Erum við hrædd um að ekki séu allar upplýsingar að komast til krakkanna sjálfra. Sent var út ýtrekunarbréf með frekari upplýsingum varðandi námskeiðið.
2. Landsmót. Send allra síðasta viðvörðun til stjórnenda, varðandi það að þetta er allra síðasti séns á að senda inn fjölda nemenda sem ætlar að taka þátt í mótinu. Hljóðfærakostur ræddur og farið í hvaða hljóðfæri við þurfum að flytja upp á Skaga og vera með á staðnum. Farið var í það að skipta nemendum niður í Gulu og Rauðu sveitina. Stjórnendur sveitanna eru eftirfarandi: Gul sveit: Vilborg Jónsdóttir. Rauð sveit: Jóhann Stefánsson. Græn sveit: Ingi Garðar Erlendsson. Blá sveit: Jóhann Morávek.

Fundi slitið og ekki fleira rætt.
Helga Björg Arnardóttir, ritari

Fundargerð 2005-15 --- 20. september

Dagsetning:

Tue, 20/09/2005

Stjórnarfundur SÍSL.

Haldinn í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi 20. september 2005.

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

1. Landsmót. Farið í vinnu á skiptingu nemendanna í hljómsveitir. Ekki eru enn allir búnir að staðfesta fjölda nemenda í sveitum sínum, þannig að skiptingin er ekki endanleg. Karen tekur að sér að ganga í það verk. Matarpantanir ræddar og farið yfir morgunmats áætlunina.
2. Skrifa þarf skýrslu um starfsemi samtakanna á árinu. Þessi skýrsla fer svo með Vilborgu Jónsdóttur á fund norrænu hljómsvetarsamtakanna, sem er haldinn í Finnlandi.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.
Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2005-16 --- 27. september

Dagsetning:

Tue, 27/09/2005

Stjórnarfundur SÍSL.

Haldinn í Tónlistarskólanum í Reykjanesbæ 27. september 2005.

Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

1. Landsmót. Brottfall Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts rætt. Kemur þetta sér afar illa þar sem allur matur hefur verið pantaður. Farið var yfir lokatölur á þeim sem hafa tilkynnt sig á mótið. Lokahönd lögð á skiptingar í hljómsveitir á námskeiðinu. Pantanir á mat, bolum og armböndum yfirfarðar.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari

Fundargerð 2005-17 --- 14. október

Dagsetning:

Fri, 14/10/2005

Stjórnarfundur SÍSL.

Haldinn í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi 14. október 2005.

Viðstödd voru: Kari H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

1. Landsmót. Landsmótið gert upp. Farið yfir reikninga. Farið yfir það hvað betur hefði mátt fara á mótinu t.d:
 - a. Búa þarf til góðan lista fyrir fararstjóra og umsjónarmenn, þar sem upplýsingar um hvað er ætlast til af þeim kemur skýrt fram.
 - b. Verkefni fyrir C/D hljómsveitnar á mótinu þóttu lítil. Finna þarf lausn á þeirra vinnu. Spurning hvort hefði átt að skipta mótinu niður í tvennt, A og B sveitir og C og D sveitir sér. Kannski hentar það form betur til þess að sinna hljómsveitunum.
 - c. Dagskrá mótsins, spurning hvort velja þurfi stað með þéttari kjarna, svo ekki þurfi að labba langt á milli.
 - d. Bolamál. Þurfum að hafa skýrari reglur um hvernig þeim er dreift út. Næst myndum við líklegast dreifa bolunum á æfingum. Ansi mikið af bolum sem virðist hafa farið á mis. Um 100 bolir eru úti í sveitunum, sem ekki eiga að vera þar. Við hefðum líka þurft að vera með eitthvað að stærri stærðum í grænu og bláu bolunum.
 - e. Ekki virðist vera hægt að byrja mótið svona snemma. Og einnig virðist erfitt að vera með þennan upplýsingafund snemma á föstudeginum. Þessi dagsetning er líka líklega of snemma. Ætti líka að kanna hvort að morgun upplýsingafundirnir henti betur á kvöldin.
 - f. Varðandi námskeiðishaldið. Söng verkefnið féll vel í krakkana, en ég held að við höfum valdið Sigrúnu og Paul vonbrigðum þar sem þau gerðu ráð fyrir meiri aðstoð frá stjórnendum.
 - g. Næst þyrftum við að láta stjórnendur skipta hljómsveitum sínum í grúbbur : gul, rauð, græn, blá..... Þar sem þeir hafa betri yfirsjón yfir getu krakkanna sinna.
 - h. Viss vonbrigði eru með hversu lítið fjölmiðlar gerðu úr þessu móti. Það vantaði umfjöllun um mótið í sjónvarpi.
 - i. Ekki ráðlegt að hefja æfingadagskrána á sunnudagsmorgninum svona snemma.
 - j. Það vantaði að Cog D sveitirnar spiluðu fyrir A og B sveitirnar. Gott væri fyrir þau yngri að heyra í elstu krökkunum.
 - k. Á Höfn í Hornafirði þurfa mótsslitin að hefjast snemma, þar sem margir ferðast langar vegalengdir heim á leið.

Á Döfinni hjá Sísl.

1. Finna þarf tímasetningu á Aðalfund.
Fara að huga að útsetningum og nótnaútgáfu.
Keppni C/D sveita. Setja saman keppni og námskeið fyrir stjórnendur.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.
Helga Björg Arnardóttir.

Fundargerð 2005-18 --- 22. nóvember

Dagsetning:

Tue, 22/11/2005

SÍSL Stjórnarfundur

Haldinn að Háabergi 1, Hafnarfirði, 22. nóvember 2005.

Viðstödd voru Kári H.Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Bj. Arnardóttir

1. Farið yfir reikningsmál vegna Landsmótsins og virðast ellir reikningar vera í höfn.
2. Aðalfundur SÍSL ræddur og ákveðið að finna ráðstefnusal í bænum fyrir fundinn. Hugmyndir ræddar um hvernig væri hægt að gera fundinn ánægjulegan og fræðandi fyrir stjórnendur.
3. Útsetningar. Útistandandi eru pantanir á efni frá Inga Garðari Erlendssyni og Samúel Samúelsyni.
4. Starf SÍSL innan Norræna samstarfsins rætt og miklar þælingar í því hvort við ættum að draga okkur út úr samstarfinu. Stjórn ákvað að leggja þetta fyrir á komandi aðalfundi.
5. Landsmót. Rætt um hvort mótið verði á hverju ári eða annað hvort ár. Tímasetning næsta móts, spurning um vort það henti betur vegna allra ferðanna og til þess að tíminn nýtist betur, að hafa mótið eftir að skólar hefji frí.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2005-19 --- 13. desember

Dagsetning:

Tue, 13/12/2005

SÍSL Stjórnarfundur

Haldinn að Háabergi 1. Hafnarfirði, 13. desember 2005.

Viðstödd voru Kári H.Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Bj. Arnardóttir.

1. Ákveðið var að stjórnarmeðlimir færu austur á Höfn í Hornafirði og spjölluðu við aðstandendur komandi landsmóts og könnuðu einnig aðbúnað.
2. Rætt var um að fá fyrirlesara á aðalfund SÍSL og var Karen með allnokkrar upplýsingar um stjórnendur og útsetjara sem kæmu vel til greina. Farið í að hafa samband við einhverja af þeim.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.